

Ályktun formannafundar SGS 10. september 2026 um ábyrgð stjórnvalda

Formannafundur Starfsgreinasambands Íslands (SGS) lýsir þungum áhyggjum og vonbrigðum vegna fjárlagafrumvarps ríkisstjórnarinnar og harmar aðgerðaleyfi hennar við að ná tökum á vöxtum og verðbólgu það sem af er kjörtímabili.

Verkalýðshreyfingin hefur kallað eftir sameiginlegu átaki þar sem allir axli ábyrgð – ríki, sveitarfélög, atvinnulíf, verslun og þjónusta. Átaki þar sem verð- og gjaldskrárhækkanir fylgi markmiðum kjarasamninga og verði ekki hærri en 2,5% út gildistíma kjarasamninga SGS.

Markmiðið er skýrt: Að ná niður verðbólgu, skapa forsendur fyrir lækkun vaxta og verja kaupmátt launafólks.

Formannafundur SGS lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með að stjórnvöld skuli ekki vera tilbúin að leggja sitt af mörkum til þessarar vegferðar. Þvert á móti hafa þau boðað stórfelldar skatta- og gjaldahækkanir, meðal annars:

- 100% hækkun komugjalds á heilsugæslu,
- 33% hækkun skrásetningargjalda við háskóla,
- 15,9% hækkun kílómetragjalds,
- 5,2% hækkun fjölmargra skatta og gjalda,
- 3,1 milljarðs króna aukningu á skattbyrði einstaklinga vegna breytinga á persónuafslætti og skattþrepum,
- auknar álögur á atvinnulífið, sem allar líkur eru á að muni að stórum hluta skila sér út í verðlag og bitna þannig á neytendum og launafólki.

Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar stjórnvalda um náðið og stöðugt samtal hefur ekkert raunverulegt samráð átt sér stað við SGS um þessar aðgerðir. Meint samráð felst ekki í einhliða upplýsingagjöf frá stjórnvöldum eftir að ákvarðanir hafa verið teknar heldur þarf það að fara fram áður en ákvarðanir eru mótaðar.

Formannafundur SGS skorar á ríkisstjórn Íslands að hverfa frá þessum skattahækkunum á almenning og atvinnulíf og taka þátt í sameiginlegu átaki um 2,5% hámarkshækkanir það sem eftir lifir kjarasamninga.

Jafnframt krefst fundurinn þess að barnabætur, húsnæðisbætur og aðrar fjárhæðir tilfærslukerfisins fylgi verðlagi og haldi raunvirði sínu.

Það gengur ekki að kalla eftir ábyrgð allra annarra en að ríkið sjálft gangi í þveröfuga átt.

Ef okkur er alvara með að ná niður verðbólgu og vöxtum verða allir að axla ábyrgð, líka ríkisstjórn Íslands.